

Kærði Johan Fuhrmann sæti 12250 kr. sekt
til Landhelgisjódís Íslands, er afplánist með 7

mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipstjórans á varðskipinu „Þór“ og játning kærða sjálfs að hann að morgni þessa dags var staddur á skipi sínu togaranum „Sardella“ R.O. 96 frá Róm, að fiskiveiðum hálfri sjómílu fyrir innan landhelgislinuna. Hefir kærði fært fram sjer til málsbóta, að samkvæmt mælingum stýrimanns síns hafi hann átt að vera fyrir utan linuna, og að það hafi ekki verið með sínum vilja að skipið komst inn á landhelgissvæðið.

Þetta getur þó ekki orðið tekið til greina honum til sýkunar heldur verður að telja að kærði hafi með þessu gerst brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsingin með tilliti til þess að hjer er um þesskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af dagsgengi krónunnar er kr. 81,70 af gullkrónu, hæfilega á kveðin sekt að upphæð kr. 12250,00, er greiðist nú þegar og rennur í Landhelgis-sjóð Íslands.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks ber kærða að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.